

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/260

2024/EES/65/08

frá 12. janúar 2024

um leyfi fyrir kúminilmkjarnaolíu úr *Cuminum cyminum* L., stilkfennikutinktúru úr *Foeniculum vulgare* Mill. ssp. *vulgare* var. *dulce*, kínahvannartinktúru úr *Angelica sinensis* (Oliv.) Diels, steinseljutinktúru úr *Petroselinum crispum* (Mill.) Fuss, stjørnuanístinktúru úr *Illicium verum* Hook f., djöflamjaðarilmkjarnaolíu úr *Ferula-assa-foetida* L., dillilmkjarnaolíu úr *Anethum graveolens* L. og dilltinktúru úr *Anethum graveolens* L. sem fóduraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í föður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE⁽²⁾.
- 2) Efnin kúminilmkjarnaolíu úr *Cuminum cyminum* L., stilkfennikutinktúra úr *Foeniculum vulgare* Mill. ssp. *vulgare* var. *dulce*, steinseljutinktúra úr *Petroselinum crispum* (Mill.) Fuss, stjørnuanístinktúra úr *Illicium verum* Hook f., dilltinktúra úr *Anethum graveolens*, kínahvannartinktúra úr *Angelica sinensis* (Oliv.) Diels, djöflamjaðarilmkjarnaolíu úr *Ferula-assa-foetida* L., og dillilmkjarnaolíu úr *Anethum graveolens* L. voru leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóduraukefni fyrir allar dýrategundir. Efnin voru síðan færð inn í skrána yfir fóduraukefni sem fyrirleggjandi vörur sem tilheyra flokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir kúminilmkjarnaolíu úr *Cuminum cyminum* L., stilkfennikutinktúru úr *Foeniculum vulgare* Mill. ssp. *vulgare* var. *dulce*, steinseljutinktúru úr *Petroselinum crispum* (Mill.) Fuss, stjørnuanístinktúru úr *Illicium verum* Hook f., dilltinktúru úr *Anethum graveolens*, kínahvannartinktúru úr *Angelica sinensis* (Oliv.) Diels, djöflamjaðarilmkjarnaolíu úr *Ferula-assa-foetida* L. og dillilmkjarnaolíu úr *Anethum graveolens* L. fyrir allar dýrategundir og óskað eftir því að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Í kjölfarið dró umsækjandinn til baka umsóknina um leyfi fyrir kínahvannartinktúru úr *Angelica sinensis* (Oliv.) Diels að því er varðar notkun fyrir allar dýrategundir, að undanskildum alifuglum, hestum, hundum og köttum, um leyfi fyrir djöflamjaðarilmkjarnaolíu úr *Ferula-assa-foetida* L. að því er varðar notkun fyrir allar dýrategundir, að undanskildum hundum og köttum, og um leyfi fyrir dillilmkjarnaolíu úr *Anethum graveolens* L. að því er varðar allar dýrategundir, að undanskildum hundum og köttum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/260, 15.1.2024. Hendar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2024 frá 12. júní 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í föðri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

- 4) Umsækjandinn óskaði eftir því að aukefnið yrðu einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Auk þess átti beiðni um leyfi fyrir kínahvannartinktúru úr *Angelica sinensis* (Oliv.) Diels fyrir alifugla eingöngu við notkun í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun þessara aukefna í drykkjarvatn.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 22. nóvember 2022⁽³⁾ að við tillögð notkunarskilyrði séu kúminilmkjarnaolía úr *Cuminum cyminum* L., stilkfennikutinktúra úr *Foeniculum vulgare* Mill. ssp. *vulgare* var. *dulce*, kínahvannartinktúra úr *Angelica sinensis* (Oliv.) Diels, steinseljutinktúra úr *Petroselinum crispum* (Mill.) Fuss, stjórnuanístinktúra úr *Illicium verum* Hook f., dillilmkjarnaolía úr *Anethum graveolens* L. og dilltinktúra úr *Anethum graveolens* L. öruggar fyrir marktægundirnar, neytendur og umhverfið. Að því er varðar djöflamjaðarilmkjarnaolíu úr *Ferula-assa-foetida* L. taldi Matvælaöryggisstofnunin að efnid væri öruggt fyrir hunda og ketti og að engar vísbendingar væru um áhyggjuefni varðandi umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að dillilmkjarnaolía, kúminilmkjarnaolía, stilkfennikutinktúra, djöflamjaðarolía, kínahvannartinktúra, steinseljutinktúra og stjórnuanístinktúra ættu að teljast ertandi fyrir húð og augu og húð- og öndunarfarænaemar. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að útiloka váhrif á óvarða notendur af völdum estragóls (og dillapióls) við meðhöndlun kúminilmkjarnaolíu, dillilmkjarnaolíu, dilltinktúru, stilkfennikutinktúru og stjórnuanístinktúru og að því ætti að lágmarka váhrif á notendur til að draga úr áhættu. Auk þess komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að útiloka váhrif á óvarða notendur af völdum apióls, elemísins og mýristísins við meðhöndlun steinseljutinktúru og að því ætti lágmarka váhrif á notendur til að draga úr áhættu. Þar eð efnin eru viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk þeirra í föðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki teljist nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þeirra. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina föðuraukefni í föðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 6) Í ljósi ofangreinds telur framkvæmdastjórnin að kúminilmkjarnaolía úr *Cuminum cyminum* L., stilkfennikutinktúra úr *Foeniculum vulgare* Mill. ssp. *vulgare* var. *dulce*, kínahvannartinktúra úr *Angelica sinensis* (Oliv.) Diels, steinseljutinktúra úr *Petroselinum crispum* (Mill.) Fuss, stjórnuanístinktúra úr *Illicium verum* Hook f., djöflamjaðarilmkjarnaolía úr *Ferula-assa-foetida* L., dillilmkjarnaolía úr *Anethum graveolens* L. og dilltinktúra úr *Anethum graveolens* L. uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 fyrir tilteknar dýrategundir. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna fyrir þessar dýrategundir Framkvæmdastjórnin telur að ekki sé nauðsynlegt að gera kröfu um fastsetningu hámarksinnihalds af öryggisástandum fyrir djöflamjaðarilmkjarnaolíu úr *Ferula-assa-foetida* L. og fyrir dillilmkjarnaolíu úr *Anethum graveolens* L. Há váhrifamörk og skortur á efnunum sem gefa tilefni til áhyggna gera það kleift að fastsetja tillagt hámarksinnihald. Til að auðvelda betra eftirlit ætti að tilgreina ráðlagt hámarksinnihald á merkimiðanum fyrir föðuraukefnið. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða viðkomandi forblanda. Að því er varðar kúminilmkjarnaolíu úr *Cuminum cyminum* L., stilkfennikutinktúru úr *Foeniculum vulgare* Mill. ssp. *vulgare* var. *dulce*, steinseljutinktúru úr *Petroselinum crispum* (Mill.) Fuss, stjórnuanístinktúru úr *Illicium verum* Hook f., kínahvannartinktúru úr *Angelica sinensis* (Oliv.) Diels og dilltinktúru úr *Anethum graveolens* L. telur framkvæmdastjórnin að tilvist efna sem gefa tilefni til áhyggna geri það nauðsynlegt að fastsetja hámarksinnihald í heilföðri og takmarka samsetningu þessara aukefni við önnur sem innihalda sömu efnin sem gefa tilefni til áhyggna. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnanna.
- 7) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástandum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(11), 7690, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(1), 7691, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(12), 7692, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 32023 21(1), 7693, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(1), 7694, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20 (12), 7695, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(12), 7689, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(12), 7688.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

- Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. ágúst 2024 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 4. febrúar 2024, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.
- Fóðurlöndur og fódurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. febrúar 2025 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 4. febrúar 2024, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis.
- Fóðurlöndur og fódurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum og eru framleidd og merkt fyrir 4. febrúar 2026 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 4. febrúar 2024, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til mannelis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. janúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg virks efnis í heilfóðri með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b161-eo	Kúmínilmkjarnaolía	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Kúmínilmkjarnaolía er fengin úr aldinum <i>Cuminum cyminum</i> L.</p> <p>Vökvaform</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Kúmínilmkjarnaolía er fengin með gufueimingu úr aldinum <i>Cuminum cyminum</i> L., eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ⁽¹⁾.</p> <p><i>Nákvæm skilgreining</i></p> <ul style="list-style-type: none"> — Kúmínaldehyð (4-ísóprópylbensaldehyð): 15–46% — γ-terpínen: 13–32% — β-pínen (pín-2(10)-en): 7–20% — α-pínen (pín-2(3)-en): 0,3–2% — Estragól: að hámarki 0,05% — Dillapíól: að hámarki 0,05% <p>CAS-númer: 8014-13-9 FEMA-númer: 2343 CoE-númer: 161</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽²⁾</p> <p>Til að ákvarða alfapínen og kúmínaldehyð (plöntuefnafræðileg merkiefni) í fýðuraukefninu: gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID)</p>	Allar dýrategundir	-	-	15	<ol style="list-style-type: none"> 1. Aukefnið skal notað í fýður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Blöndun kúmínilmkjarnaolíu við önnur plöntuaukefni er leyfð að því tilskildu að magn estragóls og dillapíóls í fýðurefnum og fýðurblöndum sé minna en það sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarksmagni eða tillögðu magni fyrir tegund eða flokk dýra. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fýðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. 	4.2.2034.

⁽¹⁾ „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

⁽²⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg/kg virks efnis í heilfóðri með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skyrnæn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b200-t	Stilkfenníku- tinktúra	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Stilkfenníkutinktúra er fengin úr þurrkuðum aldinum <i>Foeniculum vulgare</i> Mill. ssp. <i>vulgare</i> var. dulce</p> <p>Vökvaform</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Stilkfenníkutinktúra er fengin úr þurrkuðum aldinum <i>Foeniculum vulgare</i> Mill. ssp. <i>vulgare</i> var. dulce með framlengdum útdrætti með leysi úr vatni og etanóli eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ⁽¹⁾.</p> <p><i>Nákvæm skilgreining</i></p> <p>Þurrefnisinnihald: að hámarki 3%</p> <ul style="list-style-type: none"> — Heildarpólýfenól: 0,05–0,07% — Flavonóíð: 0,004–0,007% — Anisaldehyd: 0,003–0,005% — Anetól: 0,0005–0,0007% — Estragól: að hámarki 0,0006% <p>FEMA-númer: 2482 CoE-númer: 200</p> <p><i>Greiningaraðferð ⁽²⁾</i></p> <p>Til að greina eiginleika fýðuraukefnisins:</p> <ul style="list-style-type: none"> — litrófsmæling til að ákvarða heildarinnihald pólýfenóla og háþrýstipunnlagsskiljun (HPTLC) til að ákvarða heildarflavonóíð og plöntuefnafræðilega merkiefnið anisaldehyd 	Allar dýrategundir, að undanskildum hestum Hestar	-	-	50 200	<ol style="list-style-type: none"> 1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Blöndun stilkfenníkutinktúru við önnur plöntuaukefni er leyfð að því tilskildu að magn estragóls í fýðurefnum og fýðurböndum sé minna en það sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarksmagni eða tillögðu magni fyrir tegund eða flokk dýra. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fýðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. 	4.2.2034.

⁽¹⁾ „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

⁽²⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fánlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilföðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b92456-t	Kínahvann- artinktúra	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Kínahvannartinktúra er fengin úr rótum <i>Angelica sinensis</i> (Oliv.) Diels</p> <p>Vökvaform</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Kínahvannartinktúra er fengin úr rótum <i>Angelica sinensis</i> (Oliv.) Diels með útdrætti með leysi úr vatni og etanóli eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ⁽¹⁾.</p> <p><i>Nákvæm skilgreining</i></p> <p>Þurrefnisinnihald: að hámarki 10%</p> <p>— Ferúlínsýra: 0,004–0,007%</p> <p>— Klórógensýra: 0,001–0,006%</p> <p>— Safról: að hámarki 0,0001%</p> <p>— Fúrókúmarín: að hámarki 0,0001%</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽²⁾</p> <p>Til að ákvarða ferúlínsýru og klórógensýru (plöntuefnafræðileg merkiefni) í fýðuraukefninu: háþrýstivökvaskiljun með díóðufjölneina (HPLC-DAD)</p>	Hestar Hundar Kettir	-	-	123 481 184	<ol style="list-style-type: none"> Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. Blöndun kínahvannartinktúru við önnur plöntuaukefni er leyfð að því tilskildu að magn fúrókúmaríns og safróls í fýðurefnum og fýðurblöndum sé minna en það sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarksmagni eða tillögðu magni fyrir tegund eða flokk dýra. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fýðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. 	4.2.2034.

⁽¹⁾ „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

⁽²⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilföðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b2835-t	Steinselju- tinktúra	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Steinseljutinktúra er fengin úr fræjum <i>Petroselinum crispum</i> (Mill.) Fuss</p> <p>Vökvaform</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Steinseljutinktúra er fengin úr fræjum <i>Petroselinum crispum</i> (Mill.) Fuss með framlengdum útdrætti með leysi úr vatni og etanóli eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ⁽¹⁾.</p> <p><i>Nákvæm skilgreining</i></p> <p>Þurrefnisinnihald: að hámarki 0,9%</p> <p>— Heildarpólýfenól: 0,018–0,022%</p> <p>— Heildarflavonóíð: 0,004–0,012%</p> <p>— Apíól: að hámarki 0,0092%</p> <p>— Elemísín: að hámarki 0,0016%</p> <p>— Mýristísín: að hámarki 0,0011%</p> <p>FEMA-númer 2835 ⁽²⁾</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽³⁾</p> <p>Til að greina eiginleika fôðraukefnisins:</p> <p>— litrófsmæling til að ákvarða heildarinnihald pólýfenóla og</p> <p>— háþrýstíþunnlagsskiljun (HPTLC) til að ákvarða heildarflavonóíð, -mýristísín og -apíól.</p>	Allar dýrategundir, að undan- skildum hestum	-	-	50 200	<ol style="list-style-type: none"> Aukefnið skal notað í fôður í formi forblöndu. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. Blöndun steinseljutinktúru við önnur plöntuaukefni er leyfð að því tilskildu að magn apíóls, elemísins og mýristísins í fôðurefnum og fôðurblöndum sé minna en það sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarks magni eða tillögðu magni fyrir tegund eða flokk dýra. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fôðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. 	4.2.2034.

⁽¹⁾ „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

⁽²⁾ Þessi tala samsvarar steinselju.

⁽³⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fánlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilföðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b2095-t	Stjörnu- anístinktúra	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Stjörnuanístinktúra er fengin úr aldinum (aldinvegg og fræjum) <i>Illicium verum</i> Hook f.</p> <p>Vökvaform</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Stjörnuanístinktúra er fengin úr aldinum (aldinvegg og fræjum) <i>Illicium verum</i> Hook f. með framlengdum útdrætti með leysi úr vatni og etanóli eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ⁽¹⁾.</p> <p><i>Nákvæm skilgreining</i></p> <p>Þurrefnisinnihald: að hámarki 2,2%</p> <p>— Heildarpólýfenól: 0,21–0,31%</p> <p>— Heildarflavonóíð: 0,022–0,024%</p> <p>— Rútín: 0,0024–0,0044%</p> <p>— Anetól: 0,0172–0,0182%</p> <p>— Estragól: að hámarki 0,00039%</p> <p>— Safról: að hámarki 0,0010%</p> <p>FEMA-númer 2095 ⁽²⁾</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽³⁾</p> <p>Til að greina eiginleika fõðuraukefnisins:</p> <p>— litrófsmæling til að ákvarða heildarinnihald pólýfenóla og</p> <p>— háþrýstiþunnlagsskiljun (HPTLC) til að ákvarða heildarflavonóíð og -anetól</p>	Allar dýrategundir, að undan- skildum hestum Hestar	-	-	50 200	<p>— Aukefnið skal notað í föður í formi forblöndu.</p> <p>— Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.</p> <p>— Blöndun stjörnuanístinktúru við önnur plöntuaukefni er leyfð að því tilskildu að magn estragóls og safróls í föðurefnum og föðurböndum sé minna en það sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarks magni eða tillögðu magni fyrir tegund eða flokk dýra.</p> <p>— Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndna skulu stjórnendur föðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.</p>	4.2.2034.

⁽¹⁾ „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

⁽²⁾ Þessi tala samsvarar stjörnuanis.

⁽³⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilföðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b196-eo	Djöflamjað- arilmkjarna- olía	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Djöflamjaðarilmkjarnaolía er fengin úr jarðstönglum <i>Ferula-assa-foetida</i> L.</p> <p>Vökvaform</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Djöflamjaðarilmkjarnaolía er fengin með gufueimingu úr þurrkaðri resingúmkoðu úr skornum jarðstönglum <i>Ferula assa-foetida</i> L. eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ⁽¹⁾.</p> <p><i>Nákvæm skilgreining</i></p> <p>— (E)-2-bútýl-3-(metýlpíó)-2-própenýldísúlfíð: 20–45%</p> <p>— (E)-sek-bútýlprópenýldísúlfíð: 8–25%</p> <p>— (Z)-sek-bútýlprópenýldísúlfíð: 8–24%</p> <p>— Dí-sek-bútýldísúlfíð: 4–16%</p> <p>CAS-númer: 9000-04-8 FEMA-númer: 2108 CoE-númer: 196</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽²⁾</p> <p>Til að ákvarða (E)-sek-bútýlprópenýldísúlfíð (plöntuefnafræðilegt merkiefni) í fôðuraukefninu: gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID)</p>	Kettir Hundar	-	-	-	<ol style="list-style-type: none"> Aukefnið skal notað í fôður í formi forblöndu. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslukilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilföðurs með 12% rakainnihald: — 1,5 mg fyrir hunda — 0,2 mg fyrir ketti“ Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið. — Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fôðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. 	4.2.2034.

⁽¹⁾ „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

⁽²⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fánlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilföðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b42-eo	Dillilmkjarnaolía	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Dillilmkjarnaolía er fengin úr stilkum og blöðum <i>Anethum graveolens</i> L.</p> <p>Vökvaform</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Dillilmkjarnaolía er fengin úr stilkum og blöðum <i>Anethum graveolens</i> L. með gufueimingu eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ⁽¹⁾.</p> <p><i>Nákvæm skilgreining</i></p> <ul style="list-style-type: none"> — Karvón: 28–45% — Límónen: 16–35% — α-fellandren: 16–31% — Dilletri (3,6-dímetýl-2,3,3a,4,5,7a-hexahýdróbensófurán): 4–9% — Estragól: að hámarki 0,0003% — Mýristísín: að hámarki 0,005% — Apíól: að hámarki 0,0003% — Dillapíól: að hámarki 0,01% <p>CAS-númer: 8006-75-5 FEMA-númer: 2383 CoE-númer: 42</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽²⁾</p> <p>Til að ákvarða karvón (plöntuefnafræðilegt merkiefni) í fôðuraukefninu: gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID)</p>	Hundar	-	-	-	<ol style="list-style-type: none"> 1. Aukefnið skal notað í fôður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilföðurs með 12% rakainnihald: — 7 mg fyrir hunda — 5 mg fyrir ketti“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fôðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. 	4.2.2034.

⁽¹⁾ „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

⁽²⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilföðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b42-t	Dilltinktúra	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Dilltinktúra er fengin úr aldinum <i>Anethum graveolens</i> L.</p> <p>Vökvaform</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Dilltinktúra er fengin úr þurrkuðum aldinum <i>Anethum graveolens</i> L með framlengdum útdrætti með leysi úr vatni og etanóli eins og skilgreint er af Evrópuráðinu ⁽¹⁾.</p> <p><i>Nákvæm skilgreining</i></p> <p>Þurrefnisinnihald: að hámarki 1,1%</p> <p>— Heildarpólýfenól: 0,02–0,03%</p> <p>— Flavonóíð: 0,01–0,02%</p> <p>— Karvón: 0,001–0,005%</p> <p>— Estragól: að hámarki 1,2 mg/kg FEMA-númer: 2382 CoE-númer: 42</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽²⁾</p> <p>Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins (dilltinktúru):</p> <p>— litrófsmæling til að ákvarða heildarinnihald pólýfenóla og</p> <p>— háþrýstíþunnlagsskiljun (HPTLC) til að ákvarða heildarflavonóíð og plöntuefnafræðilega merkiefnið karvón</p>	Allar dýrategundir, að undanskildum hestum	-	-	50	1. Aukefnið skal notað í fôður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Blöndun dilltinktúru við önnur plöntuaukefni er leyfð að því tilskildu að magn estragóls í fôðurefnum og fôðurböndum sé minna en það sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarksmagni eða tillögðu magni fyrir tegund eða flokk dýra. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fôðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	4.2.2034.

⁽¹⁾ „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

⁽²⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.